

2 aðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á kostnað hreppsjóðs
24. jan. glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

3 **Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll af**
30. jan. **hlyni (maple-trjávið).**

Hér með er yður tjóð, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur ákveðið, að fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið, skuli tolla hlyn (maple-trjávið) með 10 auru vörumagnstolli 1 fet³ og með 8% verðtolti.

4 **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 9. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941,**
6. febr. **um stöðu brezka gæzluskipsins utan Reykjavíkurbafnar.**

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að gæzluskipið, sem hefur á hendi eftirlit með siglingum til Reykjavíkur, og sem hefur verið á sveimi úti af Gróttu, hafi tekið sér stöðu 0,65 sjómílu í réttvísandi 300° stefnu frá Engeyjarvita.

5 **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 9. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941,**
6. febr. **um girðingu í Hvalfirði vegna hernaðaraðgerða Breta.**

Í tilkynningu ríkisstjórnarinnar, dags. 23. desember 1940, í 71. tölublaði Lögbirtingablaðsins er skýrt frá því, að girðing hafi verið lögð þvert yfir Hvalfjörð, hér um bil í 317° stefnu frá suðurenda Hvaleyrrar í Hvalfirði. Girðing þessi er merkt með duflum og er hættuleg skipum.

Nú hefur brezka herstjórnin tilkynnt, að skipum sé bannað að sigla inn fyrir framangreinda girðingu. Ef óskað er eftir að sigla skipum inn fyrir girðinguna, verður að leita aðstoðar brezkra flotayfirvalda í Reykjavík, sem munu veita nauðsynlega leiðsögu.

6 **Auglýsing frá ríkisstjórninni í 10. tbl. Lögbirtingablaðsins 1941,**
14. febr. **um brezk gæzluskip fyrir Norðurlandi og Austurlandi.**

Brezka herstjórnin hefur tilkynnt, að auk gæzluskipsins við Reykjavík séu nú gæzluskip á eftirfarandi stöðum:

Á Eyjafirði fyrir sunnan Hrisey.

Á Seyðisfirði h. u. b. 1 sjómílu fyrir utan Vestdalseyri.

Á Reyðarfirði h. u. b. 1 sjómílu suðaustur af Hólmanesi.

Á Hrutafirði í námunda við Hrutey.

Öll skip, sem ætla að sigla inn á einhvern þessara fjarða, verða áður að fá til þess leyfi gæzluskipsins á hverjum stað.

Bannað er að sigla inn á þessa firði, á tímabilinu frá einni stundu eftir sólarlag til einnar stundar fyrir sólarupprás.